

Spænska 6 ára:

Markmið:

- Að nemendur læri gagnlega orðaforða
- Að nemendur fái tilfinningu fyrir réttum framburði
- Að nemendur geti strax byrjað að tjá sig á einfaldan hátt
- Að auka víðsýni nemenda og áhuga þeirra á spænskri tungu og menningu

Áætlun um yfirferð:

Námsefninu er skipt niður í þemu og er áætlað að hvert þema taki þrjár til fjórar vikur í yfirferð.

Nemendur læra að segja til nafns, algengar kveðjur og að spyrja um líðan. Farið er í heiti á hlutum í skólatofunni, tölurnar (0-20), litina, heiti á algengum mat og drykk, andlitið, dýr og spænska stafrófið.

Námsgögn: Ljósrit og ítarefni frá kennara sem tengjast viðfangsefni hvernar kennsluviku.

Kennsluaðferðir: Megináhersla er á að nemendur læri gagnlega orðaforða ásamt einföldum setningum. Hver kennslustund byrjar á því að sungið er saman á spænsku. Nemendur eru virkjaðir til þátttöku í tímum með samtalsæfingum, hlustun, leikjum og ýmsum verkefnum sem kennari leggur fyrir hverju sinni. Kennari endurtekur nýjan orðaforða og setningar með nemendum til að festa þær í minni. Engin heimavinna er í spænsku en upplagt er að nemendur fái tækifæri til að þjálfa færni sína í tungumálinu. Kennari safnar verkefnum nemenda saman í verkefnabækur sem þeir fá að eiga (tvær verkefnabækur yfir veturinn).

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Kennari gefur umsögn í lok annar.

Spænska 7 ára:

Markmið:

- Að nemendur dýpki orðaforða sinn
- Að nemendur fái tilfinningu fyrir réttum framburði
- Að nemendur geti tjáð sig á einfaldan hátt
- Að auka víðsýni nemenda og áhuga þeirra á spænskri tungu og menningu

Áætlun um yfirferð:

Námsefninu er skipt niður í þemu og er áætlað að hvert þema taki þrjár til fjórar vikur í yfirferð.

Nemendur læra tölurnar upp í 40, vikudagana, heiti á árstíðum, að lýsa veðri, um líkamann, heiti á herbergjum og húsgögnum, andheiti lýsingarorða og einfaldar sagnir í boðhætti (s.s. *sestu, stattu, upp..*)

Námsgögn: Ljósrit og ítarefni frá kennara sem tengjast viðfangsefni hvers kennsluviku.

Kennsluaðferðir: Megináhersla er á að nemendur læri gagnlega orðaforða ásamt einföldum setningum. Hver kennslustund byrjar á því að sungið er saman á spænsku. Nemendur eru virkjaðir til þátttöku í tímum með samtalsæfingum, hlustun, leikjum og ýmsum verkefnum sem kennari leggur fyrir hverju sinni. Kennari endurtekur nýjan orðaforða og setningar með nemendum til að festa þær í minni. Engin heimavinna er í spænsku en upplagt er að nemendur fái tækifæri til að þjálfa færni sína í tungumálinu. Kennari safnar verkefnum nemenda saman í verkefnabækur sem þeir fá að eiga (tvær verkefnabækur yfir veturinn).

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Kennari gefur umsögn í lok annar.

Spænska 8 ára:

Markmið:

- Að nemendur auki við orðaforða sinn
- Að nemendur geti tjáð sig af lipurð með einföldum setningum
- Að nemendur hafi tilfinningu fyrir réttum framburði
- Að auka víðsýni nemenda og áhuga þeirra á spænskri tungu og menningu

Áætlun um yfirferð:

Námsefninu er skipt niður í þemu og er áætlað að hvert þema taki þrjár til fjórar vikur í yfirferð (miðað við eina kennslustund á viku). Nemendur læra nokkrar algengar sagnir og lýsingaorð, tölurnar upp í 60, um kyn nafnorða, að lýsa líðan og tilfinningum, eintölu og fleirtölu, ákveðinn og óákveðinn greini. Einnig verður aukið við þekkingu nemenda á orðaforða sem viðkemur hlutum í skólastofunni, heiti á mat og drykk og nöfnum á fjölskyldumeðlimum.

Námsgögn: Ljósrit og ítarefni frá kennara sem tengjast viðfangsefni hvernar kennsluviku.

Kennsluaðferðir: Megináhersla er á að byggja ofan þann orðaforða sem nemendur hafa öðlast fram að þessu og að þeir geti tjáð sig af öryggi með einföldum setningum. Jafnframt er aukið við málfræðipækkingu nemenda. Hver kennslustund byrjar á því að sungið er saman á spænsku. Nemendur eru virkjaðir til þátttöku í tímum með samtalsæfingum, hlustun, leikjum og ýmsum verkefnum sem kennari leggur fyrir hverju sinni. Kennari endurtekur nýjan orðaforða og setningar með nemendum til að festa þær minni. Engin heimavinna er í spænsku en upplagt er fyrir nemendur að æfa nýjan orðaforða heimavið. Kennari safnar verkefnum nemenda saman í verkefnabækur sem þeir fá að eiga (tvær verkefnabækur yfir veturinn).

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Könnun á munnlegri færni undir lok vetrar. Kennari gefur umsögn í lokin sem byggir á þeim verkefnum sem nemendur hafa unnið.